

Mál nr. 9/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/ smábátatryggingar.

Ágreiningur um bótaskyldu úr bátatryggingu vegna tjóns á flotbryggju.

Gögn.

1. Málskot, móttakið 12.1.2009, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 23.1.2009, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Aðfaranótt 17. ágúst 2008 sökk A, 17 brúttótonna bátur, í smábátahöfn í sveitarfélaginu S. Er A sökk eyðilagðist flotbryggja sem hann var bundinn við. Flotbryggjan var í eigu M. Við rannsókn kom í ljós að orsök þess að A sökk var að tæringargat, um 3 cm að þvermáli, hafði myndast á kili bátsins fyrir aftan lestina í svokölluðu stýrisvélarrymi.

A var tryggður tiltekinni smábátatryggingu hjá vátryggingafélaginu X. M hefur krafist bóta úr vátryggingu þessari vegna tjónsins á flotbryggjunni. X hefur hafnað bótaskyldu þar sem vátryggingin taki ekki til ábyrgðar vegna tjóns eins og M varð fyrir. Í þeim efnum hefur X vísað til greinar 3.11 í skilmálum þeim sem um vátrygginguna gilda.

Álit.

X kveður útgerð A einungis hafa haft umrædda bátatryggingu hjá félaginu er tjónsatvikið varð. Í 3. gr. þeirra skilmála, sem um vátrygginguna gilda, er bótasvið vátryggingarinnar tilgreint. Lýtur það fyrst og fremst að tjóni sem verður á hinum vátryggða báti. Í gr. 3.11 er eina ákvæðið er lýtur að vátryggingu gegn ábyrgð vátryggðs (útgerð bátsins) vegna tjóns þriðja aðila. Segir þar að vátryggingin taki yfir sérhverja einkaréttar skaðabótakröfu sem vátryggður kann að þurfa að greiða vegna þess að hinn vátryggði bátur rekst á annað skip eða far, hvort sem er tjón á munum eða mönnum. Tjón M vegna eyðileggingar flotbryggjunnar verður ekki rakið til þess að A rakst á annað skip eða far. Tjón M fellur því utan bótasviðs vátryggingarinnar og fæst því ekki bætt úr henni.

Að gefnu tilefni skal tekið fram að skv. 3. gr. samþykktu um úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, sbr. auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda nr. 1090/2005, fjallar nefndin einungis um ágreining milli málskotsaðila og vátryggingafélags, sem hefur starfsleyfi hér á landi, að nánar tilgreindum skilyrðum fullnægðum. Í ljósi ofangreindrar niðurstöðu varðandi bótaskyldu úr téðri bátatryggingu hjá X fjallar nefndin ekki um hugsanlega bótaábyrgð útgerðar A á tjóni M.

Niðurstaða.

Tjón M bætist ekki úr hinni tilgreindu bátatryggingu hjá X.

Reykjavík, 17. febrúar 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.